

Ed.

466. Nefndarátt

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir komið sjer saman um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en leggur þó til nokkrar smábreytingar, sem hún telur til bóta. Nefndin

hefir haft það hugfast að raska í engu aðalgrundvelli frv. eða að gera þær breytingar, sem hefðu í för með sér aukinn kostnað. Nánari grein fyrir einstökum breytingartillögum verður gerð í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.

a. Við tölul. 1. Fyrir »kunna skal það ... eigin orðum« komi:

Það skal geta sagt frá aðalatburðum í þrem helstu Íslendingasögum og kunna utanbókar nokkur fegurstu kvæði eftir merkustu ljóðskáld þjóðarinnar síðan um 1800 og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum.

b. Við tölul. 4. Upphafið skal orða svo:

að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og tugabrot og að breyta almennum brotum í tugabrot. Tölurnar skal það geta notað til þess o. s. frv.

c. Við tölulið 5. Liðinn skal orða svo:

að vita nokkuð um æfjatriði merkustu manna þjóðarinnar og þektustu menn veraldarsögunnar.

d. Við 6. lið. Liðinn skal orða svo:

að vera leikið í að nota jarðlíkan (»tellurium«) og landabryjef, þekkja álfur, heimshöf og mun á veðráttu og gróðri í aðalbeltum jarðarinnar. Það skal háfa fengið sem ljósasta þekking á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu og Norður-Ameríku.

e. Við 7. lið. Fyrir »það skal og vita« og út liðinn komi:

Það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heiluspillandi nauinameðala, t. d. vinanda og tóbaks. Ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífnaðarhætti þektustu dýra.

2. Við 11. gr.

Á eftir »eða 7. gr.« komi: eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum 10. gr.

3. Við 20. gr.

Þriðja málslið (»Undanskilin ... vanheilsu«) skal orða svo:

Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

Alþingi, 1. maí 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form.

Jónas Jónsson,
fundaskrif. og frsm.

Jóh. Jóhannesson.